



Fréttabréf Brekkuskóla

17. ágúst 2009
1. tbl. skólaárið 2009 - 2010
Ábyrgðarmaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Senn líður að nemendaviðtölum og fyrsta kennsludegi á nýju skólaári 2009 - 2010. Í upphafi skólaársins kynnum við nýjar samskipta og umgengnisreglur í anda uppbyggingarstefnunnar og endurskoðað námsmat lítur einninn dagsins ljós. Námsmat og námsáætlanir er órjúfanleg heild þegar litið er á námsframvindu nemenda. Við munum birta námsáætlanir og fyrirhugað námsmat hvernar námsgreinar í mentorkerfinu í annarbyrjun. Einnig hefur verið ákveðið að mat á miðri önn fari fram í október- og marsmánuði sem framkvæmt er með viðtölum við nemendur, samskiptum við heimili og leiðsagnarmati í mentor.

Eiginlegir prófadagar í 1. - 7. bekk þar sem nemendur mæta eingöngu í próf verða framvegis ekki settir upp. Prófadagar í 8.- 10. bekk verða fjórir og eingöngu á vorönn.

Hafragrauturinn verður áfram á boðstólnum og eftir góða reynslu af framboði á graut í fyrstu frímínútum elstu nemendanna verður því haldið áfram þetta skólaár.

Árshátíð nemenda verður í febrúar og nú er stefnt að því að hafa eina stóra árshátíð eða eftir því sem húsrúm leyfir. Samræmdu prófin í 10. bekk verða að þessu sinni í september og verða þau nýtt til leiðsagnar. Samræmdu leiðsagnarprófin í 4. og 7. bekk verða áfram á sínum stað í október.

Á sumum starfsdögum verður tekin upp sú nýbreytni að hafa Fristund lokaða að hluta eða öllu leyti þar sem starfsmenn Fristundar taka þátt í starfsdegi. Þessir dagar eru merktir inn á skóladagatalið sem finna má á vef skólans.

Nýja nemendur og forráðamenn þeirra bjóðum við velkomna í Brekkuskóla og vonum við að þeim eigi eftir að líka vel í samfélagi við okkur hin. Nýja starfsmenn bjóðum við ennfremur velkomna með von um ánægjulegt samstarf.

Með eftirvæntingu og í góðri von um bjarta daga framundan!
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

Viðtalsdagar 24. - 26. ágúst

Boðun í viðtal verður sent forráðamönnum í netpósti 17. - 19. ágúst

Hafi boðun ekki borist forráðamönnum fyrir 20. ágúst eru þeir vinsamlegast beðnir um að hafa samband við ritara skólans.

Nemendur og forráðamenn þeirra eru beðnir um að svara leiðsagnarmati til undirbúnings viðtölunum í mentorkerfinu samkvæmt leiðbeiningum hér aftar í Fréttabréfinu.

Undirbúningur viðtals

Nemendur ásamt foreldrum eru boðaðir í viðtal með netpósti. Ef aðgangur að netpósti hefur breyst, er óvirkur eða ekki til staðar þá hafið samband við ritara skólans til að fá uppgjafinn viðtalstíma.

Vinsamlegast svarið spurningalista á Mentor samkvæmt leiðbeiningum hér aftar í Fréttabréfinu til undirbúnings viðtalinu.

Framundan...

17. - 19. ágúst 2009
Viðtalsboðun send til forráðamanna í netpósti

24. - 26. ágúst 2009
Skólasetning og viðtöl í upphafi skólaárs

27. ágúst 2009
Fyrsti kennsludagur samkvæmt stundaskrá

14. - 16. september 2009
Samræmd leiðsagnarpróf í 10. bekk

17. - 18. september 2009
Samræmd leiðsagnarpróf í 4. og 7. bekk

26. - 27. október 2009
Vetrarfrí að hausti

28. október 2009
Starfsdagur
- frí hjá nemendum
Fristund lokuð



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is
brekkuskoli@akureyri.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Leiðbeiningar fyrir leiðsagnarmat í mentor til undirbúnings viðtali í skólabyrjun.

Eins og undanfarin ár biðjum við ykkur um að svara spurningum til að undibúa viðtöl sem fram fara dagana 24. ágúst, 25. ágúst og 26. ágúst 2009. Að þessu sinni fer það eingöngu fram **rafrænt í mentor.is**. Ef þið hafið ekki aðgang eða aðstöðu til að svara heima þá bendum við á að **opið verður í tölvuveri við skólabókasafnið** alla viðtalsdagana. Þar getið þið jafnframt fengið aðstoð ef á þarf að halda. Best væri þá að mæta tímanlega fyrir boðaðan viðtalstíma eða jafnvel deginum áður.

Upplýsingar um skólasterfið í Brekkuskóla er að finna á vefsíðu skólans www.brekkuskoli.is en vísað er í þær í spurningalistanum. Gott er því að **kynna sér efni vefsíðunnar** áður en spurningalistanum er svarað.

Leiðbeiningar:

1. Vefslóð www.mentor.is
2. **Skráið ykkur inn með aðgangi nemandans.**
Nemendaaðganginn finnið þið með því að fara inn á ykkar aðgangi sem foreldrar.

Foreldraaðgangur er kennitala foreldris sem notendanafn og lykilorðið eiga foreldrar að hafa fengið.

Nemendaaðgangur Notendanafnið er kennitala barnsins og lykilorðið má finna undir myndinni af barninu sem foreldri sér með sínum aðgangi.

Foreldrar 1. bekinga sem eiga ekki systkini í skólanum nú þegar fá aðgang að mentor sendan í netpósti. Aðrir sem eru nýir í skólanum og þeir sem hafa tapað aðgangi sínum eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við ritara skólans til að fá sendan nýjan aðgang.

3. Þegar þið eruð komin inn á nemendaaðganginum: Veljið "**Leiðsagnarmat**" til vinstri á valmyndinni.
4. Veljið "**Viðtal "nafn bekkis" haust 2009**" Svárið spurningunum með nemandanum.

ÁRÍÐANDI!! Athugið að *smella á "skrá" neðst á síðunni öðru hverju meðan þið svarið spurningalistanum. Svörin geymast ekki fyrr en smellt er á "skrá" eða "áfram" og ef lengi er setið við í einu án þess að gera þetta, hættir kerfið að geyma upplýsingar sem skráðar eru inn.*

Ef þið lendið í vandræðum við að svara spurningalistanum rafrænt, þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða beiggath@akmennt.is eða ritara skólans.

Síminn í skólanum er 462-2525 og við munum aðstoða eftir bestu getu.

Frístund

Innritun í Frístund er lokið samkvæmt auglýsingu þar um. Ef upp koma óskir um pláss í Frístund þá hafið samband við forstöðumann Bryndísi Baldursdóttur
Beinn sími í Frístund er 462-2526
Netfang: bryndisbaldurs@gmail.com

Neyðarkort

Foreldrar eru beðnir um að fylla út neyðarkort sem nálgast má á vefsíðu skólans, í netpósti með viðtalsboðun eða í skólanum. Mikilvægt er að allar upplýsingar á neyðarkorti séu réttar.
Neyðarkortum er skilað til umsjónarkennara eða ritara.

Ávaxtaáskrift! NÝTT

Ávaxtaáskrift verður nú í boði í fyrsta skipti. Hægt er að velja um 1/2 ávöxt eða heilan og er ávöxturinn afhentur í nestistímum. Verð fyrir 1/2 ávöxt er 2000 kr. en 4000 kr. fyrir heilan ávöxt.
Greitt er fyrir eina önn í einu.



Námsgögn og merkingar

Námsgagnalista má nálgast á vef skólans www.brekkuskoli.is
Mikilvægt er að merkja allan fatnað og skólavörur sem nemendur hafa meðferðis í skólann.

